



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Húsinu Eyrarbakka 9. desember 2011 kl. 10.30

Af stjórn eru mætt; Íva, Sigurdís sem ritar fundargerð, Anna, Sigrún Kapítóla, Ásbjörn og Davíð framkvæmdarstjóri MSS.

Áætlun fyrir árið 2012

Fjárhagsáætlun

Íva fór yfir rekstraráætlun 2012.

Dreifing á bæklingnum erlendis mjög dýr. Finna þarf nýjar leiðir á dreifingu sem ekki eru eins kostnaðarsamar.

Leitum leiða að ná samningum við Íslandsstofu og sendiráða með dreifingu á bæklingnum í kjölfar sýninga.

Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun 2012.

Starfsá ætlun

Davíð fór yfir starfsáætlun fyrir árið 2012

Áframhaldandi vinna við heimasíðuna, hugmynd um að setja upp þann möguleika á síðuna að hægt verði að setja auglýsingar á vefinn og fá þáinnig tekjur af vefnum.

Rætt um að athuga með auglýsingar á Face book til þess að markaðssetja South vefinn. En þar er eru margir sniðugir möguleikar.

Byrjað verður á að vinna south bæklinginn í febrúar og góður tími settur í að vinna hann.

Vinna þarf nýjan ímyndunarbækling. Nota hann til þess að dreifa erlendis.

Vinna með Upplýsingamiðstöðinn með dreifingu á bæklingnum, mjög góð dreifingin á síðasta ári. Var búin um mitt sumar.

Davíð leggur mikila áherslu að vera á ferðinni og heimsækja ferðapjónsútaðila. Stefnir á að halda því áfram á nýju ári.

Fundir og sýningar,

Stjórnarfundir haldnir annan mánudag í hverjum mánuði. Margir aðrir fundir sem Davíð er kallaður á og beðinn um að taka þátt í.

Sunnlensk atvinnulífssýningin verður í Ráðhúsi Reykjavíkur 16-17 mars. Tókst mjög vel á og var fólk mjög ánægt með sýninguna á síðasta ári og verður hún haldin með svipuðu sniði aftur

Vest Norden verður í Reykjavík í haust.

Margar ferðir eru í boði hjá MSS í kjölfar sýninga sem haldnar eru hérna á landinu, t.d. Vest Norden.

Kaupendur sem koma fara í ferðir með MSS. Mikil vinna og kostnaður í kringum þetta og hafa aðilar sem eru í MSS verið mjög öflug að taka á móti fólki gegn lágu eða engu gjaldi. Er mjög góð kynning fyrir fyrirtækin.

Samstarf.

Öflugt samstarf við ferðamálafulltrúa og markaðs og kynningsfulltrúa sveitarfélaga. Eru í samstarfi varðandi ýmiss verkefni.

Ráðgjöf. Töluvert verið að leita til MSS með til að fá ráðgjöf og fl og er það mjög jákvætt.

Lögð fram starfáæltun og hún samþykkt.

Ráðning starfsmanns

Stjórn felur Davíð og Ásbirni að ganga frá ráðningarsamning við núverandi starfsmann hjá MSS.

Heimasíða

Sala á tenglum innan síðu www.south.is

Hugmynd um að hafa linka fyrir klasaverkefni á suðurlandi á síðunni og selja. Tekjumöguleikar fyrir síðuna.

Davíð falið að skoða það.

Fundi slitið kl 12:30.